



Þingfundargerð 33. ársþings Keilusambands Íslands 9. maí 2026 í húsnæði ÖBÍ (Ösp íþróttafélag) að Sigrúni 24, 105 Reykjavík.

1. Þingsetning

Valgerður Rún Benediktsdóttir formaður (VRB) setur þing kl. 14:00

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

VRB tilnefnir Hafstein Pálsson (HP) sem þingforseta og Laufey Sigurðardóttur (LS) sem þingritara og var það samþykkt samhljóða. Er það í þritugasta og fyrsta sinn sem Hafsteinn Pálsson tekur að sér starf þingforseta fyrir KLÍ.

3. Kosnar fastanefndir

Engin var með athugasemd við boðun þingsins og því telst það rétt boðað.

Gengið var til kosninga í kjörbréfanefnd og er hún þannig skipuð:

a. Kjörbréfanefnd

- i. Hörður Ingi Jóhannsson ÍR
- ii. Helga Hákonardóttir Ösp
- iii. Sigurlaug Jakobsdóttir KFR

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

Gengið var til kosninga í aðrar nefndir og eru þær þannig skipaðar:

b. Fjárhagsnefnd

- i. Halldóra Íris Ingvarsdóttir ÍR
- ii. Valdimar Guðmundsson ÍR
- iii. Guðrún Eyrith ÍR

c. Laganefnd

- i. Engar lagabreytingar liggja fyrir þinginu og því ekki þörf á að kjósa í laganefnd.

d. Allsherjarnefnd

- i. Halldóra Björg Þórarinsdóttir ÍR
- ii. Magnús Reynisson KR
- iii. Guðmundur Sigurðsson ÍA

e. Kjörnefnd

- i. Ársæll Rafn Erlingsson ÍA
- ii. Svavar Þór Einarsson ÍR
- iii. Anna Soffía Guðmundsdóttir KFR

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

VRB þakkar Ösp íþróttafélagi fyrir að hýsa þingið í ár. Fór yfir að nú væri að baki hennar fyrst ár sem formaður Keilusambandsins. Það hafi svo sannarlega verið lærdómsríkt, fullt af áskorunum en líka gleði og sigrum. Færir sjálfboðaliðum sérstakar þakkir fyrir óeigingjarnt starf í þágu keilusamfélagsins, keilurum fyrir skemmtilegt tímabil og óskar landsliðsfólki til hamingju með góðan árangur erlendis. (Pistil formanns má lesa í heild sinni í [ársskýrslu](#) Keilusambands Íslands.)

VRB minntist tveggja félagar sem féllu frá nýlega, þeir Þórður Kjartansson og Hreinn Rafnar Magnússon. Þórður var með keilusalinn í Smiðsbúð í Garðabæ sem síðar fluttist í Mjóddina. Hreinn Rafnar kom upphaflega inn í keiluna í gegnum Icelandair og stundaði keiluna af miklum áhuga. Það þinggesti að standa úr sætum og minnst fallinna féлага.

Veittar voru viðurkenningar fyrir:

Afreksmerki KLÍ:

| | |
|--------------------------|--------------------|
| Bára Ágústsdóttir | Bronze á WSrC 2025 |
| Guðný Gunnarsdóttir | Bronze á WSrC 2025 |
| Jón Gunnardóttir | Bronze á WSrC 2025 |
| Linda Hrönn Magnúsdóttir | Bronze á WSrC 2025 |

| | |
|------------------------|-------------------|
| Ásgeir Karl Gústafsson | Bronze á EYC 2026 |
| Tristan Máni Nínuson | Bronze á EYC 2026 |

Silfurmerki KLÍ:

Bjarki Sigurðsson
Laufey Sigurðardóttir

Gullmerki KLÍ:

Hafsteinn Pálsson

Niðurstöður kjörbréfanefndar

Þingforseti gefur kjörbréfanefnd orðið. Hörður Ingi Jóhannsson talsmaður kjörbréfanefndar fer yfir niðurstöður hennar. Alls voru 24 þingfulltrúar mættir og skiptast þeir með eftirfarandi hætti:

- ÍR = 11
- Ösp = 3
- ÍA = 3
- KR = 2
- KFR = 5

Kjörbréf samþykkt samhljóða.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar

Jóhann Ágúst Jóhannsson gjaldkeri KLÍ (JÁJ) fer yfir ársreikning KLÍ.

Rekstrartekjur voru um 64,8 milljónir sem er hækkun um tæpar 10 milljónir, rekstrargjöld um 59,0 milljónir og rekstrarhagnaður rúmar 5,8 milljónir sem skýrist af auknum framlögum úr afrekssjóði ÍSÍ. Eigið fé og skuldir eru um 35,4 milljón (sjá nánar í [ársskýrslu](#)).

Bent á að bókhaldskostnaður er óvenju hár en það skýrist að bókhaldið var fært milli bókhaldsaðila og vegna mismunandi vinnulags var verið að færa bókhald tveggja ára á þessu ári.

Þingforseti gaf orðið laust um reikninga.

Spurt var um ferðir á fundi erlendis. JÁJ svaraði því til að þetta væru ferðir á þing EBF og fund keilusambandanna á Norðurlöndunum sem formaður og framkvæmdastjóri sækja.

Spurt var um kostnað vegna fagteymis og hvað væri þar að baki. JÁJ fór yfir að um væri að ræða fagteymi vegna afrekskeilara, fundir, fræðsla og annar kostnaður og að það væri krafa frá ÍSÍ í tengslum við afreksmál.

Spurt var út í mismun á félagsgjöldum milli ára og útskýrt að mismunur skýrist af gengi.

Reikningar eru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

JÁJ fór yfir [fjárhagsáætlun](#) KLÍ fyrir starfsárið 2027 og endurmetna áætlun fyrir starfsárið 2026. Vekur athygli á því að KLÍ er að fá aukið framlag frá ÍSÍ vegna afreksstarfs. Útbreiðslustyrkir frá ÍSÍ koma nú í gegnum Lottó og því færast upphæðir milli liða í áætluninni.

Fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsnefndar.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið

Engar lagabreytingar komið fram.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar

Fyrir þinginu lágu þrjár tillögur:

1. *Breytinga á skipulagi móta.* Frá Keiludeild ÍR koma fram tillaga að breytingu á mótadagsetningum til að dreifa kostnaði þátttakenda.
2. *Tillaga stjórnar KLÍ til ársþings 2026 um stefnumótun fyrir framtíð keilunnar.*
3. *Tillaga að afreksstefnu KLÍ 2026-2030.*

Öllum tillögum var vísað til allsherjarnefndar til umræðu.

Hafsteinn sendir kveðjur frá ÍSÍ og nefnir að þetta sé lýðheilsุมál að stunda íþróttir. Lottó og Getraunir skipta miklu máli fyrir íþróttafélög því við fáum tekjur frá þessu sem skipta miklu máli fyrir okkur. Mikilvægt að andmæla annarri veðmálastarfsemi sem íþróttastarf fær engar tekjur af.

Aukning var hjá afreksjóði í fyrra með vilyrði fyrir aukningu á þessu ári en það varð því miður ekki. Fer yfir að íþróttasamfélagið þurfi að standa saman og minna á að ríkisstjórnin standi við sín loforð. Því miður er ekkert að sjá í fjármálaáætlun ríkisstjórnar sem gerir ráð fyrir frekari fjármunum. Mörg verkefni ef hálfjárnögnum þar sem ekki er neitt sem bendir til að þetta fé komi á næstunni.

ÍSÍ og UMFÍ eru í stefnumótunarvinnu og mikilvægt að við tökum þátt ef okkur býðst það.

Hann óskar að framtíðin verði björt fyrir keiluna og húsnaðismál fái farsæla lausn.

Þinghlé

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær

Talsmaður *fjárhagsnefndar*, Halldóra Íris Ingvarsdóttir, fer yfir niðurstöðu fjárhagsnefndar. Nefndin lagði ekki fram breytingar og var fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

Talsmaður *allsherjarnefndar*, Guðmundur Sigurðsson, gerir grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar:

- *Tillaga frá ÍR varðandi mótaröðun*. Allsherjarnefnd lagði til að tillögunni yrði vísað til Mótanefndar og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- *Tillaga stjórnar KLÍ um stefnumótun*. Allsherjarnefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
 - Fram kom ábending frá JÁJ að það er mikilvægt að keilarar taki þátt í stefnumótunarvinnunni því hún skiptir alla í keilunni máli.
- *Afreststefna KLÍ*. Allsherjarnefnd lagði til að hún yrði samþykkt en að stjórn tæki til skoðunar orðlag varðandi meðaltal og var sú tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Önnur mál

Spurt um kúlumál, hvort ekki eigi að banna Purple Hammer í fleiri mótum. Formaður svarar því til að ekki hafi verið tekin afstaða til þess að breyta reglum um kúlunotkun frekar en þegar hefur verið gert.

Spurt út í landsliðþjálfaramál. Formaður upplýsir að verið sé að ganga frá samningum við sænskan þjálfara fyrir karlalandsliðið. Þjálfarar fyrir unglíngalandsliðið og öldungalandsliðið verði ráðnir fljótlega.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á þing ÍSÍ

11.1. *Ekki er kosið til formanns í ár*

11.2. *Kosið er um tvo aðalmenn í stjórn til tveggja ára.*

Fyrir liggja eftirfarandi framboð:

- Hafdís Pála Jónasdóttir (KFR)
- Sigurður Jónas Eggertsson (Ösp)
- Guðmundur Sigurðsson (ÍA)

Eftir atkvæðagreiðslu var niðurstaðan sú að Sigurður Jónas Eggertsson og Hafdís Pála Jónasdóttir voru réttkjörin í stjórn KLÍ

11.3. *Kosið um þrjá varamenn í stjórn til eins árs.*

Fyrir liggja eftirfarandi framboð

- Helga Hákonardóttir – fyrsti varamaður (Ösp)
- Böðvar Már Böðvarsson – annar varamaður (KFR)
- Katrín Fjóra Bragadóttir – þriðji varamaður (ÍR)

Ekkert mótframboð kom og eru þau því sjálfkjörin.

Fulltrúar á íþróttarþing er vísað til stjórnar.

12. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara

Fyrir lágu eftirfarandi framboð:

Aðalmenn: Einar Már Björnsson og Ásgrímur Helgi Einarsson.

Varamenn Hjalti Ásbjörnsson og Pétur Helgason.

Engin mótframboð bárust og voru þeir því sjálfkjörnir.

13. Þingslit

Formaður þakkar Hafsteini, Þórarni og Laufeyju fyrir störfina á þinginu.

Formaður ræðir breytingar sem fyrir liggja um fjölda brauta sem verða í boði í keilusalnum, Keiluhöllin vill aðeins að keppni fari fram á 12 brautum á mánudögum og þriðjudögum, því mun deildarkeppni færast að hluta yfir á helgar og má því búast við því að tímabilið geti lengst í báða enda. Gert er ráð fyrir að undir 30% deildarleikja færist yfir á helgar. Vegna þessara breytinga er mikilvægt að lið skili strax inn hvort þau muni taka þátt en ef þessar breytingar hafa þau áhrif að lið geti ekki tekið þátt þá mun Keilusambandi ekki rukka lið um gjald sem venjulega er rukkað ef lið segja sig úr keppni.

Með þessum breytingum er mun mikilvægara að við förum saman keilusamfélagið til að reyna að koma okkar málum á þann stað að við fáum viljrði fyrir því að við fáum okkar eigin keilusal.

Við fáum allar brautir í húsinu um helgar svo hægt verði að halda inni æfingum fyrir þá sem eru vanir að æfa um helgar og þá mun húsið opna kl. 09:00. Framkvæmdastóri setur upp keppnisplan í samráði við mótanefnd og stjórn vegna þessarar breytinga. Munum væntanlega byrja keppni í byrjun september, spilum fram í miðjan desember, hefjum aftur keppni 4. janúar og spilum þá jafnvel eitthvað fram í maí.

Umræða hvort það eigi að breyta fyrirkomulagi á spilun 3. deildar en ekki hefur verið tekin afstaða til þess.

Þingforseti þakkar fyrir hönd starfsmanna þingsins fyrir samstarfið. Óskar fundarmönnum góðs gengis við að efla íþróttina og góðrar ferð heim.

Þingforseti slítur að því loknu þingi 15:55.